

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR FLUGELDASÝNINGU

**Björgunarsveitin Víkverji  
Smiðjuvegi 15  
870 Vík**

**kt. 6911770339**

**Ábyrgðaraðili: Krisján Þórðarson, kt. 2207764689  
Skotstjóri: Kristján Þórðarson, kt. 2207764689**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist itarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Leyfið tekur til flugeldasýningar við sjóvarnargarð austan Víkurár, 31. desember 2022 frá kl. 21:15 - 21:20, með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða <i>um hollustuhætti og mengunarvarnir</i> hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.	550/2018 5. gr.	
1.2	Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.	550/2018 56. gr.	

## 2. SKILYRÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Leyfi Heilbrigðisnefndar Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluþfirvalda fyrir sýningunni.	414/2017 14. gr.	
2.2	Skylt er að haga allri háværri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.	724/2008	
2.3	Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.	414/2017 14. gr.	
2.4	Sjá skal um að skotsvæði sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.	414/2017 15. gr. og rgl. nr. 737/2003	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**  
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Selfossi, 13. desember 2022.

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

# Björgunarsveitin Víkverji

kt. 6911770339

Smiðjuvegi 15, 870 Vík

vegna flugeldasýningar þann 31. desember 2022.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 1. október sl. umsókn Kristjáns Þórðarsonar, kt. 2207764689, f.h. Björgunarsveitarinnar Víkverja, kt. 6911770339, um tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu við sjóvarnargarð austan Víkurár á Vík í Mýrdal kl. 21:15 – 21:20.

Móttaka umsóknarinnar var auglýst 3. október sl. á heimasíðu embættisins, [www.hsl.is](http://www.hsl.is). Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi er að ræða og starfsemin hvorki bygginga- eða framkvæmdaleyfis skyld, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.